



Félag háskólakennara

3. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2022/2023 haldinn mánudaginn 7. september 2022 í Bændahöllinni kl. 11:45

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Davíðsdóttir, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Ármann Höskuldsson, Jóna Margrét Ólafsdóttir, Berglind Eva Benediksdóttir og Pontus Eik Gunnar Jarvstad. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 24. ágúst 2022
2. Kjarasamningar 2022 - 2023 á teamssvæði stjórnar. Skoða efni frá vinnudegi stjórnar. Skoða niðurstöðu þess í samræmi við fyrri kröfugerðir.
3. Kröfugerðir Félags háskólakennara, kannanir Fh og BHM og kynningarfundir á sviðum.
4. Mótun kröfugerðar Félags háskólakennara 2023.
5. Samráðsnefndarfundur HÍ og Fh, sjá dagskrá í fundargögnum.
6. Málefni Raunvísindastofnunar, sjá gögn í fundargögnum.
7. Önnur mál.

2. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 24. ágúst 2022

Fundargerðin var samþykkt.

Formaður lagði til að dagskráliðir 5 -7 verði teknir fyrir í upphafi fundar. Það var samþykkt.

5. Samráðsnefnd HÍ og Fh

Baldvin upplýsti að fyrirhugðum samráðsnefndarfundum HÍ og Fh sem stóð til að hafa seinna sama dag, væri frestað vegna veikinda. Lögð verður áhersla á að fá annan fundartíma hið fyrsta.

7. Önnur mál

Baldvin sagði frá því að samstaða væri hjá öllum aðildarfélögum BHM um að fara sameinuð fram í komandi kjaraviðræðum í svokölluðum „stærri máli“. Lagt er til að hvert félagð tilnefni sinn fulltrúa í viðræðunefnd. Baldvin lagði til að hann sem formaður félagsins verði fulltrúi Félags háskólakennara. Það var samþykkt.

6. Málefni Raunvísindastofnunar

Íris kynnti málið og vísaði til fundargagna. Hún rakti sögu samvinnu Raunvísindastofnunar annars vegar og Háskóla Íslands hins vegar í gegnum tíðina. Nú liggur fyrir formleg beiði rektors til ráðuneytis um að Raunvísindastofnun fari alfarið undir starfssvið Háskóla Íslands. Ekki hefur borist svar frá ráðuneytinu að svo stöddu. Starfsfólk Raunvísindastofnunar er uggandi um stöðu mála og ekki hvað síst starfsfólk stjórnsýslu sem óttast breytingu á störfum þeirra, ef ákveðið verður að sameina stofnunina undir starfsemi HÍ. Málið rétt.

Ákveðið var að félagið fylgi málinu vel eftir og taki málið upp á samráðsnefndarfundum, kalli eftir upplýsingum og óski eftir því að það verði haft með í ráðum þegar ákvörðun um framtíð Raunvísindastofnunar liggur fyrir.

2 - 4 Kjaramál

Farið var yfir gögn á Teamssvæði stjórnar um kjaramál. Kröfugerðin frá 2015 var rýnd og ýmis sjónarmið rædd. Meðal annars var rætt um kennsluyfirvinnu akademískra og vilja til þess að breyta henni í almennan yfirvinnutaxta. Þá var bent á mismun á röðun sambærilegra starfa stofnanasamningi FÍN annars vegar og Fh hins vegar. Rætt var um nauðsyn þess að akademískir starfsmenn fái umbun fyrir framgang í aðjúnkt/lektors annars vegar og lektors/dósent hins vegar, í stofnanasamningi félagsins og HÍ.

Ákveðið var að hafa vinnufund stjórnar miðvikudag 14. september nk.kl. 16.00, er helgaður verði kjaramálum og mótun kröfugerðar.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 13:00

Næsti fundur 5. október nk. kl. 11:45 í Bændahöllinni.